

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Prófblað 1 af 3

Prófnúmer próftaka:

.....

Námsgrein til prófs:

Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar (50%)

ATH. Prófið er þrískipt: Sjá sérstök prófblöð vegna, ábyrgðir (25%), ágríp úr réttarfari (25%).

Prófdagur:

31. október

Kl.:

0900-1300

Úrlausnartími:

4 klst.

Prófblöð:

3 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn:

Lög og reglugerðir

Fylgiblöð:

.....

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Íslensk réttarskipun og Evrópuréttur, fræðikerfi lögfræðinnar (50%)

1. Fullyrðingar (25,0%)

Takið afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga.

Athugið eftirfarandi:

- i. Að vægi hverrar fullyrðingar er jafnt (2,5%).
- ii. Að dregið er frá 0,75% fyrir hvert rangt svar.
- iii. Ef þið takið ekki afstöðu til fullyrðingar telst svarið hvorki rétt né rangt.
- iv. Aðeins annar tveggja svarmöguleika er réttur.
- v. Lesið fullyrðingarnar vandlega yfir áður en svarað er.

1. Venja getur gengið framur settum rétti.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

2. Með lögjöfnun er ólögákveðið tilvik felld undir lagaákvæði og dæmt samkvæmt því.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

3. Staða EES-réttar að íslenskum rétti samræmist hvergi nærri sjónarmiðum um tvíeðli lands- og þjóðaréttar.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

4. Stjórnvaldsfyrirmæli hafa aldrei gengið framur settum lögum.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

5. Yngri lög í andstöðu við lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu myndu fortakslaust víkja ákvæðum sáttmálans til hliðar ef sáttmállinn yrði eingöngu talinn hafa réttarheimildalega stöðu almennra laga.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

6. Stjórnvaldsfyrirmæli, sem eru yngri en almenn lög, ganga þeim almennt framur sem lex posterior.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

7. Tilskipanir teljast því aðeins bindandi réttarheimild að EB-rétti að þeim hafi verið veitt lagagildi að landsrétti hlutaðeigandi ríkis.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

8. Við lögskýringu er skylt að horfa til undirbúningsgagna með lögunum.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

9. Ef þjóðréttarsamningur hefur ekki verið lögfestur hefur hann enga þýðingu að íslenskum rétti, þ.m.t. við lögskýringu.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

10. Lýðræðisleg rök geta staðið til þess að skýra lög í samræmi við vilja löggjafans.

- ☐ Rétt
- ☐ Rangt

2. Raunhæft verkefni (10,0%)

Dómsmálaráðherra veltir fyrir sér í ljósi efnahagshrunsins og umræðu um nauðsyn þess að koma á fót sérdómstólum til að fást við viðfangsefni því tengdu, að hvaða réttarheimildalegu álitaefnum þyrfti að huga yri slíkum dómstól komið á fót. Af lögum um dómstóla nr. 15/1998 verður ráðið að ekki er gert ráð fyrir slíkum dómstól í lögunum. Jafnframt er hvorki að finna almenna né sértæka reglugerðarheimild í lögunum. Samkvæmt 59. gr. stjórnarskrár verður skipun dómsvaldsins eigi ákveðin nema með lögum.

Dómsmálaráðherra veltir einkum fyrir sér eftirfarandi, meðal annars út frá sjónarmiðum réttarheimildafræðinnar: (i) hvort unnt væri að setja slíkan dómstól á fót með reglugerð með vísan til laga um dómstóla nr. 15/1998, og (ii) ef ekki, hvaða önnur úrræði væru mögulega tæk til að koma á fót slíkum dómstól þannig að ekki bryti í bága við gildandi dómstólalög.

Athugið – það er ekki nauðsynlegt að lesa lög um dómstóla nr. 15/1998 með tilliti til úrlausnar verkefnisins.

3. Ritgerð (15,0%)

Svarið *annað hvort* A eða B.

- A) Þótt færa megi rök fyrir bindandi röð réttarheimilda standa jafnframt sterk rök til þess að röð réttarheimilda eigi ekki að vera bindandi.
- B) Lýsið a.m.k. 3 lögskýringarsjónarmiðum að íslenskum rétti og nefnið dóma / dæmi þeim til stuðnings.